



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2024

nefundasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, 704. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar frá 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar samtakanna um ofangreint mál. Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við hinn skamma frest sem veittur var til umsagnar. Þrátt fyrir að skiljanlegt sé að málið þurfi hraða framgöngu verður að gefa hagsmunaaðilum svigrúm til að meta áhrif frumvarpsins og koma með viðeigandi athugasemdir. Að gefnu tilefni þykir ástæða til að rifja upp að samkvæmt 3. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnarinnar, nr. 791/2018, frá 24. febrúar 2023, nemur hæfilegur frestur til að gefa almenningi kost á að koma á framfæri umsögnum og ábendingum um áform um lagasetningu og frummat á áhrifum a.m.k. tveimur til fjórum vikum. Í máli þessu var einvörðungu veittur 3 daga frestur. Vegna þessa skamma frests áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri við ráðuneytið þegar gefist hefur tækifæri til þess að skoða málið gaumgæfilega. Á þessu stigi eru athugasemdir SA eftirfarandi.

Atvinnuhúsnæði

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins miðast gildissvið þess við kaup á íbúðarhúsnæði sem staðsett er innan þéttbýlismarka Grindavíkurbæjar. Frumvarpið nær þannig ekki yfir atvinnuhúsnæði í bænum sem er óréttlæt看legt að mati samtakanna. Fyrirtæki með starfsemi í Grindavík eiga mörg hver verðmætar eignir í bænum þ. á m. fasteignir. Fasteignir og lausafé sem er brunatryggt er vátryggt í samræmi við lög nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Lögin mæla m.a. fyrir um skyldu til að vátryggja allar húseignir gegn tjóni af völdum náttúruhamfara. Gera lögin engan greinarmun á atvinnu- og íbúðarhúsnæði í því sambandi. Allar sömu takmarkanir er að finna í skilmálum trygginga vegna atvinnuhúsnæðis er varða tjón sem hlýst af völdum jarðskjálfta, eldgos, skriðufalla eða annarra náttúruhamfara (force



majeure) og í tryggingum sem snúa að íbúðarhúsnæði. Eigendum atvinnuhúsnæðis stendur því ekki til boða frekari tryggingavernd gegn náttúruhamförum en öðrum fasteignaeigendum.

Í frumvarpinu er enginn rökstuðningur fyrir því af hverju eignum vegna atvinnurekstrar er haldið utan við gildissvið laganna. Ef fram heldur sem horfir munu fasteignir í Grindavíkurbæ ekki nýtast eigendum þeirra á árinu 2024 líkt og staðfest er með þessu frumvarpi. Það gildir jafnt um íbúðar- sem atvinnuhúsnæði enda var öllum, íbúum og þeim sem stunda atvinnurekstur í bænum, gert að rýma Grindavík með ákvörðunum lögreglustjórans á Suðurnesjum. Þess ber að geta að atvinnuhúsnæði er, eðli máls samkvæmt, oft á tíðum í eigu einstaklinga. Ljóst er að fyrirtæki í Grindavík verða fyrir verulegu tjóni sem hlýst af því að eign verður ekki notuð á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið. Þannig er eins ástatt fyrir þeim og eigendum íbúðarhúsnæðis í bænum. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að allir skulu vera jafnir fyrir lögum.

Að öllu framangreindu virtu telja samtökin að endurskoða verði frumvarpið þannig að gildissvið þess taki jafnt til atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir